

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi – Eyrarlandsholt, reitur 3, Melateigur 11.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. nóvember 2013 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Melateig 11.

Breytingin felur í sér stækkun byggingarreits fyrir viðbyggingu.

Breyting á deiliskipulagi – Austursíða, athafnasvæði.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. nóvember 2013 í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Austursíðu, athafnasvæði.

Breytingin felur í sér breytingu á lóð 2 við Austursíðu þar sem fyrirkomulag bílastæða breytist, athafnasvæði fyrir þungaflutninga stækkar auk breytingar á umferðarleiðum innan lóðar.

Breyting á deiliskipulagi – frístundabyggð og verslunar- og þjónustusvæði að Hlíðarenda, 1. áfangi.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 19. nóvember 2013 í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir frístundabyggð.

Breytingin felur í sér að nýrri lóð er bætt við ofan við innkeyrslu á svæðið, fyrir spennistöð, skýli fyrir skíðafólk og skilti.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 20. nóvember 2013,

Margrét Mazmanian Róbertsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála.